

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 18.01.2018  
Erindi 201712243/50.13 uvi

**Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir þskj. 26-26. mál.**

Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir sbr. þskj. 26-26. mál var tekið til umfjöllunar á 1338. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar fyrr í dag.

Bæjarráð styður framkomnar umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Ástæða er til þess að tilgreina sérstaklega kröfu sambandsins um að samhliða lögfestingu Notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) hækki hlutdeild ríkisins í gerðum NPA samningum úr 25% í 30%.

Þá leggur bæjarráð áherslu á skipun samráðsnefndar sem hafi það hlutverk að fylgjast með þróun og kostnaði við félagsþjónustu næstu ár. Skipun nefndarinnar og hlutverk verði tryggt með lagastoð.

Virðingarfyllt,

Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

